

GJALDSKRÁ

fyrir afgreiðslu og þjónustu vegna skipulags- og byggingarmála og tengigjald vatnsveitu í Strandabyggð.

1. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi eða framkvæmdaleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta sérstaklega byggingarleyfisgjöld fyrir byggingar sem eru 10 m² eða minni nema um viðbyggingar sé að ræða (þær eru þó ávallt leyfisskyldar).

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Fyrir byggingarleyfi nýrra húsa, viðbygginga, breytinga húsa, verulegra breytinga innan lóðar og samþykki fyrir breyttri notkun húsa greiðist grunngjald samkvæmt eftirfarandi:

	kr.
Grunngjald, byggingar allt að 60 m ²	23.830
Grunngjald, byggingar stærri en 60 m ²	36.750

Að auki greiðist fyrir hvern fermetra nýbygginga og viðbygginga samkvæmt eftirfarandi:

	kr. pr. m ²
Íbúðarhúsnæði, bílskúrar, hótél, verslanir og skrifstofur	365
Iðnaðarhús, verkstæði, virkjanir	265
Gripahús, hlöður, vélageymslur, tankar, ker o.fl.	180
Fristundahús, veiðihús, fjallaskálar o.fl.	740

Byggingarleyfisgjöld eru innheimt við útgáfu byggingarleyfis.

2. gr.

Afgreiðslugjöld og þjónustugjöld.

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingar sem byggingarfulltrúi eða byggingarnefnd veitir umfram þá sem er innifalin í byggingarleyfisgjaldi í samræmi við IX. kafla laga um mannvirki nr. 160/2010.

	kr.
1. Aðrar afgreiðslur byggingarnefndar/framkvæmdaleyfi	9.475
2. Lóðaúthlutunargjald óendurkræft	16.650
3. Vottorð um byggingarstig húsa	20.960
4. Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsingar	20.960
5. Endurskoðun aðaluppdráttar	13.780
6. Fyrir minniháttar grenndarkynningu	13.780
7. Fyrir meiriháttar grenndarkynningu	37.610
8. Fyrir útmælingu lóðar og lóðarsamnings	20.300
9. Fyrir breytingu á lóðarsamningi	20.955
10. Afgreiðsla skráningartöflu	26.700
11. Önnur vottorð	20.960

Við bætist þinglýsingarkostnaður vegna stofnskjala og lóðarleigusamninga sé um slíkan kostnað að ræða.

3. gr.

Tengigjald vatnsveitu.

Tengigjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem eru tengdar við vatnsveitu í eigu Strandabyggðar og skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og vera sem hér segir:

	kr.
32 mm	179.755
40 mm	195.315

Starfsmenn vatnsveitu sjá um að leggja og tengja heimæðar, setja inntakskrana utanhúss og krana, síu og einstefnuloka inni í húsi.

Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt frá inntaksstað mannvirkis að krana í lóð á frostfríu dýpi samkvæmt fyrirmælum verkstjóra áhaldahúss Strandabyggðar og fjarlægð frá stofnæð sé ekki meiri en 15 metrar.

Við endurnýjun eldri vatnsinntaka skal farið eftir framangreindum reglum en greitt verði eftir umfangi verks.

4. gr.

Tengigjald fráveitu.

Tengigjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem eru tengdar við fráveitu í eigu Strandabyggðar og skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og skal vera sem hér segir:

	kr.
Tengigjald fráveitu	57.415

Miðað er við að lóðarhafi leggi frárennsli að lóðarmörkum samkvæmt fyrirmælum verkstjóra áhaldahúss Strandabyggðar.

5. gr.

Stöðuleyfi gáma o.p.h.

			kr.
Tímabundin stöðuleyfi hjólhýsa o.p.h.	á ári		16.650
Tímabundin stöðuleyfi gáma o.p.h.	á ári	20 fet	20.955
"	"	40 fet	35.310

Gámasvæði utan Viðidalsár:

		kr.
Gámar 20 fet	á ári	8.610
Gámar 40 fet	á ári	17.225
Geymslusvæði, reitir		9.645

6. gr.

Samþykkt og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, lögum nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, lögum um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslögum nr. 123/2010. Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við byggingarvísitölu í janúar 2020 (146,7 stig). Þau breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu sem þá hefur orðið á vísitölunni.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 12. desember 2019. Gjaldskráin öðlast þegar gildi, jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 250/2014.

Strandabyggð, 12. febrúar 2020.

Borgeir Pálsson sveitarstjóri.